

Reykjavík, 21. október 2009 02-2009100651

Minnisblað
21. október 2009**Til: Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis****Frá: Ríkisskattstjóra****Tilfni: Frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sbr. þskj. nr. 69****1. Gildandi reglur skattalaga**

Almenna reglan er sú að allar tekjur í hvaða formi sem þær eru teljast skattskyldar með þeim undantekningum og takmörkunum sem kveðið er á um í tekjuskattslögum. Er tekjuhugtak laganna þannig mjög víðtækt. Um það sem ekki telst til tekna gildir 28. gr. laganna og um frádrátt frá tekjum gilda eftir atvikum 30. eða 31. gr.

Í rekstri kallast tekjufærsla hjá einum rekstraraðila á við gjaldfærslu hjá öðrum, í einu eða öðru formi. Er þannig ekki saman að jafna aðstöðu einstaklings utan rekstrar og rekstraraðila, enda hefur sá síðarnefndi ýmsar heimildir til að draga úr skaða sínum vegna tapaðra krafna eða annarra fjármuna.

Eftirgjöf skulda - Einstaklingar utan rekstrar

Eftir þær breytingar sem gerðar voru á lagagreininni á vorþingi gildir varðandi einstaklinga utan rekstrar að ekki skal telja til tekna eftirgjöf skulda við nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eða þegar sannað er á annan fullnægjandi hátt að eignir eru ekki til fyrir skuldunum. Skilyrði er að skuldir hafi ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. Með setningu reglugerðar nr. 534/2009, um skilyrði þess að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar teljist ekki til tekna o.fl., voru settar nánari reglur um hvenær eftirgjöf skuldar telst ekki skattskyld. Er eignaleyfi og ófærni til greiðslu meginatriðið í reglugerðinni, þó þannig að menn geta átt einhverjar eignir sem eru þá skuldsettar og jafnframt getur eignastaðan verið betri eftir þær formlegu aðgerðir sem um ræðir. Lagt er í hendur kröfueiganda að meta með hlutlægum hætti fjárhagsstöðu skuldara. Ekki skiptir máli hvernig því láni sem fellt er niður hefur verið varið.

Jafnframt þessu liggur fyrir að ríkisskattstjóri hefur gefið út það álit að sé um að ræða skilmálabreytingu láns á þann hátt að það sé fært til núvirðis og breytt yfir í annars konar lán þá myndi slíkt almennt ekki skattskyldu hjá skuldara. Í slíkum tilvikum þarf ekki endilega að

vera um að ræða skuldara sem ekki ræður við skuldbindingar sínar.

Eftirgjöf skulda - Rekstraraðilar

Skuldari

Í gildandi lögum og reglum er niðurfelling skulda í öllum tilvikum skattskyldar tekjur. Ekki er þar að finna neina undanþágu frá skattskyldu rekstrartekna.

Kröfueigandi

Kröfueigandi getur gjaldfært afskrifaða tapaða kröfu sem beint tengist rekstrinum enda sé hún sannanlega töpuð. Um skilyrði fyrir því gilda ákvæði reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Ekki er skilyrði að um gjaldþrot eða nauðasamninga sé að ræða heldur er einnig heimilt að gjaldfæra ef telja má fullvíst að krafa fáiist eigi greidd. Sé milljarða krafa sannanlega töpuð samkvæmt gildandi mælikvarða þar um ætti að öllu jöfnu að koma til gjaldfærslu sömu fjárhæðar hjá kröfueiganda.

2. Breytingar

Standi vilji Alþingis til breytinga á gildandi lögum að því er varðar skattalega meðferð eftirgjafar skulda þarf slíkt að fara fram með breytingu á lögum um tekjuskatt, enda hefur almenn umfjöllun í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar takmarkað vægi, hvað sem líður markmiðum þess.

3. Fundur í félags- og tryggingamálanefnd 20. október 2009.

Ríkisskattstjóri vill í framhaldi af fundi í félags- og tryggingamálanefnd hinn 20. október 2009 þar sem til umræðu voru ýmsar skattalegar spurningar í tengslum við greint frumvarp benda á eftirfarandi atriði.

a. Að því er varðar einstaklinga eru lög og reglur skýrar og ekki séð að neinir þeir hnökra séu á framkvæmdahlíð að til ama sé fyrir skuldara. Óljóst er hvaða áhrif fyrirsögn 2. gr. er ætlað að hafa, þ.e. einstaklingar og heimili, en tekið skal fram að heimili er ekki skilgreind eining í skattalöggjöfinni þau markmið sem sett eru fram í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að aðlaga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu, eru í fullkomnum takti við gildandi reglur. Ef vikja á frá þeim formlegum aðferðum, sem gilt hafa, þá er hætt við ójafnræði og ógagnsæi sem kann ekki góðri lukku að stýra auk þess að rýra traust almennings á stjórnsýslunni.

b. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal sérhver kröfueigandi setja sér reglur sem snerta eftirgjöf skulda eða aðrar ivilnanir fyrir skuldara. Að því er varðar þá aðila sem eru háðir eftirliti FME er þetta ekki sérstakt vandamál en svo kann að vera varðandi kröfuhafa almennt. Erfitt, og nánast útilokað, getur orðið að fylgjast með að þessar reglur séu í samræmi og gildi almennt og eins fyrir alla skuldara. Hér gætu opnast allar gáttir án þess að rönd verði við reist og jafnræði ekki bara skuldara í uppnámi heldur jafnframt jafnræði milli þeirra sem geta greitt og þeirra sem geta það ekki. Ríkisskattstjóri leggur því ríka áherslu á að settur verði almennur rammi um mælikvarða í þessu sambandi, ásamt reglugerðarheimild, þar sem tryggt verði að haft verði að leiðarljósi jafnræði og hlutlæg framkvæmd.

c. Að því er varðar rekstraraðila er núverandi löggjöf einnig skýr. Í umræðum á fundinum kom skýrt fram að einhverjir telji nauðsyn að koma fram þeirri breytingu að eftirgjöf rekstrarskulda teljist ekki skattskyld að því marki sem hún er umfram skattalegt tap. Rekstraraðilar sem eru það skuldsettir að niðurfelling er framkvæmd eiga sennilega í flestum


tilvikum það mikið rekstrartap, m.a. vegna gjaldfærslu í kjölfar hækkunar skulda vegna gengisbreytinga og verðbólgu, að ekki kemur til skattlagningar vegna þessa. Ef skuldsetning er tilkomin vegna kaupa á hlutabréfum sem nú eru einskis virði er heimilt að færa tap til gjalda, þ.e. í gjaldþrota félögum eða þegar hlutafé hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga. Þá getur skuldsetning verið tilkomin vegna arðgreiðslna en ekki rekstrarins beint.

Hægt er að sjá fyrir sér að upp geti komið margs konar aðstæður ef heimila á eftirgjöf án tekjufærslu og þá umfram tap án almenns hlutlægs mælikvarða - ekki síst hjá tengdum aðilum. Þannig gæti móðurfélag t.a.m. fellt niður milljarða skuldir dótturfélags og myndað þannig tap í sínum rekstri vegna afskrifaðra tapaðra krafna. Engin tekjufærsla yrði hjá dótturfélaginu. Síðan væri hugsanlegt að um samsköttun félaganna væri að ræða og þannig kæmi tapið til frádráttar í heild en engin tekjufærsla og í raun "búinn til" frádráttur. Í slíkum tilvikum hljóta samkeppnis- og jafnræðissjónarmið að vera í verulegu uppnámi.

Athygli er vakin á því að ef eftirgefin skuld kemur ekki til tekna hjá skuldara, þ.e. myndar skattstofn, en kröfueigandi færir til gjalda í sínum rekstri samsvarandi fjárhæð. Ef um er að ræða skuld vegna sölu á virðisaukaskattsskyldri vöru eða þjónustu þá á kröfueigandinn eftir atvikum rétt á leiðréttingu á virðisaukaskatti og með öllu er óvist hvort samsvarandi leiðrétting á sér stað hjá skuldaranum. Getur þannig komið til útgreiðslna, eða lækkun á virðisaukaskatti til greiðslu, vegna eftirgefinnar skuldar án þess að nokkur leiðrétting sé gerð að öðru leyti.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J Rögnvaldsson


Elín Alma Árhúrsdóttir

Afrit:

Formaður efnahags- og skattanefndar
Fjármálaráðuneytið